

## AUGLÝSING

um breytingar á gjaldskráám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1981 og 10. gr. laga nr. 66 31. maí 1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskráám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarðar frá og með 5. nóvember 1981:

- A. Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 549, 21. ágúst 1981.
- |   |    |
|---|----|
| I) Smásala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um .....    | 9% |
| II) Heildsala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um ..... | 8% |
| III) Heimtaugagjöld í þéttbýli. Öll gjöld hækki um .....      | 9% |
- B. Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 517, 21. ágúst 1981
- |                |    |
|----------------|----|
| hækki um ..... | 9% |
|----------------|----|
- Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 551, 21. ágúst 1981
- |                |    |
|----------------|----|
| hækki um ..... | 9% |
|----------------|----|

*Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1981.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar nr. 535, 21. ágúst 1981.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, er gildi frá og með 5. nóvember 1981:

- A. Liður c-1 í I. kafla orðist svo:

Um mestastraumsmæli ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári kr. 1 072/kW/ár og kr. 0,24 kWh. Ljósanotkun hjá notendum sem kaupa samkvæmt þessum gjaldskrárlíð verði mæld um sama mæli og vélanotkunin.

- B. Kafli II. Mælaleigur, orðist svo:

Rafveita ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns, og skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa .....	kr. 54,00
Orkumælir, þrífasa .....	— 215,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum .....	— 363,00
Aflmælir .....	— 350,00
Aflmælir með straumspennum .....	— 552,00
Tvígjaldsorkumælir .....	— 350,00
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum .....	— 552,00
Móttökuliði, einpóla .....	— 242,00
Móttökuliði, þrípóla .....	— 350,00

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.